

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um úttekt á aflareglu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Er lokið úttekt Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) á 20% aflareglu við þorskveiðar næstu fimm árin, sem ráðherra sendi beiðni um í maí í fyrra? Ef svo er, hver var niðurstaðan?
2. Hvert er markmiðið með þessari úttekt á aflareglunni?
3. Hvaða þýðingu hefur slík úttekt fyrir ákvörðun um hámarksafla þorsks næstu fimm árin?
4. Er ætlunin að móta aflareglu við nýtingu fleiri fisktegunda á næstunni?